

Fundur í Háskólaráði

Dags. 07.09.2023

Staður og tími: Teams kl. 13.30

Málsnúmer: 2306186

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Sólveig Hallsteinsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson, Hanna Kristín Skaftadóttir, Sævar Ari Finnbogason

Fulltrúar nemenda: Jón K. Ólafsson, Halldór Kjartan Þorsteinsson, Friðjón Björgvin Gunnarsson, Ása Laufey Sigurðardóttir

Áheyrnaraðilar: Stefan Wendt, Anna Þórunn Reynis, Lydía Geirsdóttir

Fjarverandi: Hjördís Garðarsdóttir

Dagskrá:

1. Stuttur hringur þar sem fulltrúar kynntu sig
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
 - a. Engar athugasemdir bárust og fundargerð samþykkt
3. Farið yfir hlutverk háskólaráðs
 - a. Margrét Jónsdóttir fór yfir hlutverk og ábyrgð háskólaráðs Háskólans á Bifröst og hvernig það er skipað.
4. Fréttir frá rektor
 - a. Nemendum fjölgaði um 30% milli ára. Nærri jafn margir í Grunnnámi og Framhaldsnámi. Nýnemar skiptust þannig.
 - i. Viðskiptadeild alls 165 nemendur
 - ii. Félagsvísindadeild alls 89 nemendur
 - iii. Lagadeild alls 34 nemendur
 - iv. Háskólagátt alls 55 nemendur
 - b. Nemendur sem voru samþykktir inn í námið skiluðu sér betur inn til okkar en síðustu ár og hefur verið sérstök áhersla lögð á það.
 - c. Gæðastarfið gengur vel og nýverið fengu fulltrúar nemenda þjálfun í gæðamálum skólans.
 - d. Húsnæðismálin eru í góðum farvegi, starfsfólk hefur fengið aðstöðu og staðlotur haustsins verða haldnar í Menntaskóla Borgarfjarðar
 - e. Gæðamat í gangi í námsleiðum
 - i. Viðskiptadeildin er að vinna í gæðamati á öllum meistarlínum sínum
 - ii. Lagadeildin í Grunnnáminu
 - iii. Félagsvísindadeildin í opinberri stjórnslu og miðlun og almannatengslum
 - f. Gervigreind. Stefna skólans að verða klár til kynningar og verður komin í loftið í lotu 2
 - g. Gæðahringur 3 er að fara af stað og mikið samstarf er á milli skóla
 - h. Yfirferð á deildum, námsframboði, fjölda nemenda, hugmyndir að nýjum námslínum, hvernig starfsmannahald er og hvaða rannsóknarsetur eru starfandi við skólann
 - i. Jafnlaunavottun í endurskoðun
 - j. Fýsileikakönnuna á sameiningu HA og Háskólans á Bifröst er farin af stað.



5. Erindi frá nemendum
 - a. Engin erindi frá nemendum en sýna fýsileikakönnun stuðning milli skólans stuðning og hlakka til starfsins í vetur.
6. Erindi frá starfsfólki
 - a. Staðlotur sem fram fara í Menntaskóla Borgarfjarðar og kennslustýra þakkaði nemendafélaginu fyrir góða samvinnu með bæði nýnemadaga og staðlotur sem fram undan eru.
 - b. HKS þakkaði stjórnarsýslunni fyrir skjót og góð viðbrögð vegna staðlotunnar. Góð skráning á staðlotuna. Rætt að það hafi ýtt við nemendum að búið væri að færa aðra lotuna á Teams að mæta. Staðan verður tekin á þessu fyrirkomulagi í haust og ákvörðun um framhaldið tekið á nýju ári.
7. Önnur mál

Fundi slitið kl. 14.05

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir